

Skipulagsstofnun  
Ómar Inþórsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 1. júní 2018  
UST201805-253/B.S.  
10.05.05


**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - borun rannsóknarholu á Folaldahálsi að Króki í Grafningi - beiðni um umsögn. Umsögn – Leiðrétt bréf**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 18. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Ráðgert er að bora rannsóknarholu í landi Króks í Grafningi til að kanna hvort þar sé að finna lághitavatn til upphitunar fyrir sumarhúsabyggð. Fyrirhuguð borhola er staðsett nokkuð vestan við svæði nr. 773 á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif fyrirhugaðrar borunar felist í vegagerð að borholu, gerð borplans og meðferð skolvatns og förgun borsvarfs. Eins og fram kemur í greinargerð er unnt að leggja veg um svæði sem þegar hefur verið raskað við lagningu háspennulínu.

Umhverfisstofnun telur að forðast eigi röskun votlendis við slóðagerðina og ef vel verður staðið að meðferð skolvatns og förgunar borsvarfs ætti umrædd framkvæmd ekki að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Sigrún Agústsdóttir  
Sviðsstjóri